

93. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar þriðjudaginn 11. maí 2010, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 6. maí 2010
 2. Bréf frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu frá 29. apríl 2010
 3. Erindi frá Línudanshópi Skagastrandar frá 20. apríl 2010
 4. Bréf frá Jónasi Skaftasyni frá 5. maí 2010
 5. Skólaakstur
 6. Atvinnumál
 7. Trúnaðarmál
 8. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. **Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 6. maí 2010**
Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum.

Stjórn EBÍ samþykkti á fundi í sínum í apríl sl. að þetta árið yrði ekki óskað eftir umsóknum í sjóðinn heldur myndi stjórnin verja úthlutunarfé hans til sérstakra brýnna verkefna í sveitarfélögum.

Lagt fram til kynningar.

2. **Bréf frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu frá 29. apríl 2010**
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra áformar, á grundvelli 8. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, að takmarka veiðar með dragnót m.a. í Húnafirði.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við tillögur Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

3. **Erindi frá Línudanshópi Skagastrandar frá 20. apríl 2010**
Óskað er eftir fjárstyrk.

Bæjarráð samþykkir kr. 50.000 styrk.

4. **Bréf frá Jónasi Skaftasyni frá 5. maí 2010**
Lagt fram til kynningar

5. Skólaakstur

Bæjarstjóri lagði fram drög að útboðslýsingu fyrir skólaakstur grunnskólabarna í Blönduósbæ. Umræður urðu um drögin. Bæjarstjóra falið að ganga frá útboðslýsingunni í ljósi þeirra umræðna sem urðu um drögin í samráði við skólustjóra.

6. Atvinnumál

a) SAH-afurðir

Sigurður H. Jóhannesson ritar bréf fyrir hönd SAH afurða þar sem sveitafélögum í Austur-Húnavatnssýslu er boðið að kaupa hluti félagsins í Ámundakinn ehf. Andvirði þeirra bréfa sem óskað er eftir að Blönduósbær kaupir er 12.000.000 króna að nafnvirði á genginu 1,5. Bæjarráð ræddi málið og frestaði afgreiðslu. Bæjarstjóra falið að óska eftir frekari upplýsingum.

b) Gagnaver

Bæjarstjóri fór yfir stöðu á fyrirhuguðu gagnaveri á Blönduósi. Umræður urðu um málið.

7. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók.

8. Önnur mál

a) Vinnuskóli

Lögð fram launatafla fyrir vinnuskóla Blönduósbæjar fyrir árið 2010.

Bæjarráð samþykkir launatöfluna.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:25

*Kári Kárason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)